

Alþingi
Erindi nr. P 138/405
komudagur 3.12.2009

Sendandi:
Ferðafélagið Útivist
Laugavegi 178
105 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2009

Iðnaðarnefnd Alþingis

Efni: Athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu.

Ferðafélagið Útivist lýsir ánægju með að þá hugmynd sem liggur að baki þingsályktunartillögu um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu. Það er mikilvægt að ferðamennska á hálandinu sé sett í forgang og hálandi landsins skoðað með það að leiðarljósi.

Ferðapjónusta er sívaxandi atvinnugrein og skilar þjóðarþúinu góðum tekjum. Það er því í vaxandi mæli efnahagslegt mikilvægi sem kallar á að landnýtingaráætlun sem þessi líti dagsins ljós. Á hinn bóginn má ekki gleyma að ferðamennska á hálandinu er jafnframt stunduð af fjölda Íslendinga sem njóta þess að ferðast um náttúruna með fjölbreytilegum hætti og rækta þannig samband sitt við landið sitt. Landnýtingaráætlun þarf jafnframt að taka tillit til þarfa þessa hóps, sem á margan hátt fer saman við þarfir þeirra erlendu ferðamanna sem hingað koma, en þó ekki að öllu leyti.

Það vekur athygli að í greinargerð með tillögunni eru tilteknir samráðsaðilar við vinnslu áætlunarinnar, en fulltrúar innlendra ferðahópa og útivistarfólks eru þar ekki tilgreindir. Þó er þar um að ræða líklega stærsta hóp þeirra sem nýta hálandið til ferðalaga, fer víðast og hlýtur að eiga sinn rétt til að hafa áhrif á þetta mikilvæga mál.

Réttilega er í greinargerðinni lögð áhersla á hreina og óspillta náttúru sem fer saman við fjölbreytilega náttúru og óspillt víðerni. Skipulagsmál á hálandinu þurfa að taka mið af þessu, en jafnframt þarf að hafa í huga þá þjónustu sem ferðamenn þurfa til að ferðast um landið. Ferðafélagið Útivist hefur unnið að uppbyggingu víða um hálandið á undanförunum áratugum. Skálar hafa verið reistir og gönguleiðir stikaðar og merktar og er það í samræmi við markmið félagsins sem er að stuðla að betri tækifærum fyrir almenning til að ferðast um landið. Félagið hefur ávallt lagt áherslu á að fjallaskálar falli vel að umhverfinu og hafi þjóðlegt og smekklegt útlit. Með þessum skálum hefur félagið lagt grunn að vinsælum gönguleiðum þar sem gengið er milli skála og farangri ekið á milli (svokallaðar trússferðir). Með þessu höfum við stækkað verulega þann hóp sem getur farið inn á hálandið og notið þess sem það

býður upp á. Jafnframt er minnkað álagið á önnur og þekktari svæði hálendisins. Það er mikilvægt að hugmyndir um óspillt víðerni verði ekki til þess að slík uppbygging verði stöðvuð og áfram verði hinum breiða fjölda gert fært að ferðast um hálendi landsins. Uppbyggingin má þó ekki vera tilviljanakennd og þarf að lúta heildarskipulagi og skýrum reglum.

Vegagerð á hálendnu er annar þáttur sem huga þarf að. Þar skiptir gerð vega höfuðmáli. Þeir fjallavegir sem þekkjast í dag falla í senn vel að umhverfinu, valda oft á tíðum litlum ummerkjum í náttúrunni og eru oft á tíðum ríkur þáttur í upplifun þeirra ferðamanna sem um þá fara. Uppbyggðir vegir og malbikaðir eru á hinn bóginn til þess fallnir að spilla fyrir þeirri upplifun sem ferðamenn sækjast eftir. Skilgreining á óspilltum víðernum sem hér er stuðst við verður að teljast nokkuð þröng og hefur þann galla að gera ekki greinamun á mismunandi mannvirkjum og ökuleiðum. Uppbyggðir og malbikaðir vegir valda mun umfangsmeiri truflunum en þeir frumstæðu vegslóðar sem fylgja landslaginu.

Í greinargerðinni eru reifaðar hugmyndir um að skipta hálendinu í svæði fyrir mismunandi ferðahópa. Þessi hugmynd fellur afar illa að þeirri ferðamennsku sem heimamenn stunda á Íslandi og ofmetur þau vandamál sem fylgja mismunandi ferðamátum. Útivist stundar bæði gönguferðir og ferðalög á jeppum og árlega eru ferðir í boði hjá félaginu sem byggja á hvortveggja. Dæmi um það eru ferðir þar sem farin er tiltekin leið annars vegar á skíðum og hins vegar á jeppum. Leiðir þessara hópa skerast samt lítið og víðast hvar er hægt að ganga án þess að verða var við umferð ökutækja þó vegslóði sé í nágrenninu. Akstursleið í nágrenni við gönguleið eykur öryggi gönguferðalanga og er forsenda þess að hægt sé að reka gönguskála með þeim kröfum sem gerðar eru, jafnt af gestum sem og opinberum eftirlitsstofnunum. Rétt er að hafa í huga að gönguferðir með trússi (farangri ekið milli náttstaða) hafa vaxið mikið á undanförunum árum á meðan þeim fækkar sem kjósa að ganga með allan sinn farangur á bakinu. Vissulega er æskilegt að til séu svæði þar sem ekki er akstursumferð en með núverandi vegslóðakerfi hálendisins má finna þau víða. Íslenskir ferðamenn vilja geta sótt víða, óháð því hvaða ferðamáta þeir kjósa sér. Hugmyndinni um reitaskiptingu má líkja við að fjallgöngumönnum verði úthlutað nokkrum fjöllum til að ganga á en vinsamlegast beðnir að láta önnur fjöll í friði.

Fyrir hönd Útivistar

Skúli H. Skúlason
framkvæmdastjóri